

Við Langholtsskóla er starfandi áfallaráð. Hlutverk ráðsins er að samræma aðgerðir sem gripið er til ef stór áföll verða í skólastarfi eða einkalífi nemenda, s.s. langvinnir sjúkdómar, veikindi, slys eða dauðsföll. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun skólans þar sem sett er fram verklag til að styðjast við.

Áfallaráð Langholtsskóla:

- Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, skólastjóri
- Sesselja Auður Eyjólfsdóttir, aðstoðarskólastjóri
- Margrét Hildur Þrastardóttir, ritari
- Greta Jessen, náms- og starfsráðgjafi

Áfallaráð kallar aðra til ráðgjafar eftir atvikum, hvort sem er aðila innan eða utan skóla.

Hlutverk áfallaráðs er eftirfarandi:

- Að verkstýra ef áföll koma upp
- Vinna með og huga að óskum fjölskyldna sem hlut eiga að máli
- Sinna forvinnu og forvörnum með kynningum fyrir starfsfólk
- Funda eins fljótt og hægt er ef áföll eða alvarlegir atburðir verða, hvenær sem er

Í áfallaáætlun er vísað til eftirfarandi þegar talað er um áföll:

- Alvarleg slys (nemendur/starfsfólk/aðstandendur)
- Alvarleg veikindi (nemendur/starfsfólk/aðstandendur)
- Langvinnir sjúkdómar (nemendur/starfsfólk/aðstandendur)
- Andlát (nemendur/starfsfólk/aðstandendur)
- Að verða vitni að slysi eða lenda í alvarlegum atburði

Fulltrúi áfallaráðs fer í upphafi skólaárs yfir hvort breytingar hafi orðið á aðstæðum nemenda/starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, sjúkdóma, dauðsfalla eða annarra áfalla. Upplýsinga er leitað hjá skólahjúkrunarfræðingi varðandi alvarleg veikindi nemenda. Ef alvarlegt áfall verður utan skólatíma er áfallaráð kallað saman til að taka ákvörðun um viðbrögð af hálfu skóla.

Áfall eru sterk streituviðbrögð sem koma í kjölfar óvæntra atburða s.s. slysa, alvarlegra veikinda nemanda eða starfsmanns í skóla eða utan, andlát starfsmanns eða nemanda eða aðrir alvarlegir atburðir sem snerta hóp starfsmanna eða nemenda. Einkenni streitu eru ólík og einstaklingsbundin. Algengt er að fólk sýni einkenni samstundis eða stuttu eftir áfall en einnig má gera ráð fyrir langvarandi áhrifum áfalla.

Hvað er sálræn skyndihjálpi?

Sálræn skyndihjálpi felst í því að kennarar og starfsmenn skólans róa og hugga nemendur og starfsfólk. Þeim sem verður fyrir áfalli er gefið rými til tjá tilfinningar sínar og fá útrás fyrir þær og er hjálpað við að fá viðeigandi aðstoð fagaðila.

Ef slys verður í skóla skal líkamleg skyndihjálpi hafa forgang.

Við hvern á ég að tala ef ég verð fyrir áfalli?

Nemendur eru hvattir til að ræða við umsjónarkennara, fulltrúa í áfallaráði eða einhvern annan fullorðinn sem þeir treysta ef þeir verða fyrir áfalli. Áfallaráð er samsett af starfsfólki skólans sem hefur fagþekkingu og/eða hefur fengið þjálfun í sálrænni skyndihjálpi, sjá nafnalista áfallaráðs hér fyrir ofan. Sá sem fær upplýsingar um áfall kemur þeim áfram til skólastjóra sem stýrir áfallaráði og kallar það saman þegar þörf krefur.

Áfallaráð vinnur eftir nánari útfærslu í áfallaáætlun skóla en ætíð í samráði við þá sem hlut eiga að máli.